

BANDALAG STARFSMANNA RÍKIS OG BÆJA

GRETTISGÖTU 89, 105 REYKJAVÍK
SÍMI 562 6688, FAX 562 9106



Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. Þ 122/1883
komudagur 17.4.198

Landbúnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn BSRB um frumvarp til laga um framleiðslu og sölu á búvörum, 559. mál, mjólkurframleiðsla.

Eins og kemur fram í fylgiskjali II. með frumvarpi þessu, átti BSRB þátt í álitni sjömannanefndar um framleiðslu og vinnslu mjólkur. Samningar þeir er Bændasamtök Íslands og landbúnaðarráðherra f.h. ríkisstjórnar Íslands undirrituðu hinn 17. desember byggðu á álitni sjömannanefndar, um framleiðslu og vinnslu mjólkur, sem var undirritað 4. nóvember 1997. Frumvarp þetta er til að lögfesta nauðsynlegar breytingar á lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum vegna framangreinds samnings.

BSRB minnir á að þetta er annar búvörusamningurinn sem gerður er í kjölfar samvinnu þeirrar, sem náðist með bændum, aðilum vinnumarkaðarins og ríkisvaldi í kjölfar þjóðarsáttarsamninganna svo nefndu.

Ljóst er að í samstarfi af þessu tagi hlýtur niðurstaða að verða málamiðlun af einhverju tagi. Svo hefur verið í þeim tveimur áfangaskýrslum, sem unnar hafa verið um mjólkurframleiðslu á vegum sjömannanefndar. Það er óumdeilanlegt að samstarf þetta hefur skilað árangri á þeim áratug, sem nú er að líða hvort sem litið er til þróunar afurðaverðs, greiðslur hins opinbera til landbúnaðar í heild sinni eða framleiðni í mjólkuriðnaði. Flestir eru á einu máli um að íhaldsöm verðlagning á afurðum kemur framleiðendum ekki síður en neytendum til góða, í ljósi þeirrar samkeppni sem er á íslenskum matvælamarkaði.

BSRB telur að sú þróun sem verið er að leggja drög að með frumvarpi þessu muni leiða til áframhaldandi stöðugs vöruverðs á þessum afurðum neytendum og framleiðendum til hagsbóta. Þá mun tenging opinbers stuðnings við verðlagsgrundvöll fyrir bú af hagkvæmri stærð (í stað meðalbús áður) mun draga úr opinberum útgjöldum til lengri tíma litið.

Breytingar þær, sem hér um ræðir eru vegna samninga um mjólkurframleiðslu. Ekki hafa því enn verið gerðir samningar við bændur um verðlagningu annara afurða en þeirra hefðbundnu. Þær hafa ekki verið verðlagðar opinberlega um nokkra hríð og yrði ekki framför að því að slík verðlagning yrði hafin að nýju. BSRB telur því ástæðu til að fella úr 8. gr. búvörulaga (2. grein frumvarpsins) þá skyldu verðlagsnefndar að semja um verðlagsgrundvöll fyrir þessar afurðir komi um það óskir frá

Bændasamtökum Íslands og viðurkenndum samtökum búvöruframleiðenda í
viðkomandi grein.

Að öðru leyti telur BSRB ekki ástæðu til að gera athugasemdir við frumvarp þetta.

Reykjavík 15.04.98

f.h. BSRB


Svanhildur Halldórsdóttir